

# Fundargerð

Fyrsti fundur samstarfshóps um fyrirhugaða endurskoðun friðlýsingar Hverfjalls.  
Haldinn á Teams, þann 13. júní 2024 kl 11:00.

## Þáttakendur:

Davíð Örvar Hansson og Dagbjört Jónsdóttir f.h. Umhverfisstofnunar.

Sigrún Jónsdóttir f.h. Þingeyjarsveitar.

Steinar Kaldal f.h. umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis.

Jóhann K. Kristjánsson, Ólöf Þ. Hallgrímsdóttir og Sólveig E. Hinriksdóttir f.h.  
landeiganda Voga.

## Dagskrá

1. Fara yfir drög að skilmálum.
2. Ræða afmörkun.
3. Samþykkja til auglýsingar.

## Fundarefnir

Davíð fór yfir friðlýsingarskilmála lið fyrir lið og kynnti þær breytingar sem höfðu verið gerðar. Allar breytingar eru gerðar með breytispori ásamt því sem kappkostað var að útskýra breytingar í athugasemdum í skjali og í umræðum á fundinum.

Umræður sköpuðust um eftirtalin atriði.

Í 4. gr. um umsjónarsamning kvað á um að umsjónarsamningur skildi unnin í samráði við sveitarfélag og rétthafa lands. Landeigendum þótti eðlilegra að samningur væri unnin við rétthafa lands en kynntur sveitarfélagi. Samstaða var um það í hópnum.

Í 11. gr. var bætt inn ákvæði um leyfisskyldu vegna stærri viðburða, kvíkmyndagerðar og verkefna sem kalla á aðstöðu. Landeigendur vildu fá nánari skýringar. DÖH upplýsti að hér væri um að ræða nokkuð staðlað ákvæði sem sett er í friðlýsingar og snýst um að sjá til þess að stærri verkefni s.s. kvíkmyndagerð eða viðburðir sem kalla á mikið umstang eða mikinn mannafla séu metin af sérfræðingum í náttúruvernd og hvort verkefni séu líkleg til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar eða gesti svæðisins. Spurst var fyrir um það hvort leyfisveitingunum fylgdi gjald af hendi Umhverfisstofnunar og var því svarað að svo væri. Gjald er innheimt til að standa undir kostnaði. Jafnframt var talað um að verið væri að horfa til verkefna í atvinnuskyni sem gætu haft áhrif á svæðinu í lengri eða skemmri tíma.

Í 12. gr. spannst mikil umræða um hvort bann við umferð gangandi utan stíga ætti að eiga við utanverðar hlíðar fjallsins eða hlíðar fjallsins, þ.e. innanverðar og utanverðar. Skiptar skoðanir voru í hópnum hvort leyfa ætti ferðir ofan í gígskálina en samstaða um að umferð utan stíga í utanverðu fjallinu ætti ekki við. Áhyggjur komu fram um að stígagerð í innanverðum hlíðum gætu valdið truflun á ásýnd svæðisins og erfitt gæti reynst að afmá ummerki um slíka stígagerð seinna meir og rætt um vandræði við að afmá ummerki í utanverðum hlíðum því til stuðnings. Að endingu var ákveðið að breyta orðalagi með þeim hætti að „öll umferð er óheimil um hlíðar fjallsins, nema á merktum gönguleiðum og á svæðum skilgreindum í

stjórnunar- og verndaráætlun.“ Þó var settur sá fyrirvari á að skýrt þyrfi að koma fram í stjórnunar- og verndaráætlun eða með öðrum hætti sú afstaða að umferð utan stíga um utanverðar hlíðar gígsins ættu aldrei að verða leyfðar. Einnig var rætt um hjóleiðar og aðra umferð og ákveðið að fjallað yrði sérstaklega um það í stjórnunar- og verndaráætlun.

Í 14. gr. var ákvæði um bann við notkun skotvopna fellt út enda krefst verndargildi þess ekki að meðferð skotvopna sé bönnuð. Þá er ljóst að lög um meðferð skotvopna bannar vopnaburð á almannafærri svo meðferð skotvopna á fjölsóttum ferðamannastað er sjálfkrafa bönnuð.

Landeigendur höfðu sent inn tillögu að ákvæði um endurmat friðlýsingar.

DÖH upplýsti að Umhverfisstofnun legði til þess að ákvæði um endurmat væri ekki sett inn enda væri til staðar ákvæði í náttúruverndarlögum sem fjallaði um endurmat eða afnám friðlýsingar og væri beiting þess ákvæðis óháð tímafresti eða því hvort það væri tekið fram í friðlýsingu eður ei. Friðlýsingarskilmálar eru gerðir til þess að standa til lengri tíma líkt og fram kemur í greinargerð við frumvarp um lög um náttúruvernd (60/2013).

Bent var á að hægt væri að setja umfjöllun um endurskoðun friðlýsingar, með hvaða hætti hún ætti að fara fram o.s.frv. í stjórnunar og verndaráætlun sem væri undirrituð af ráðherra og rynni ekki úr gildi fyrr en samstarfshópur metur þörf fyrir endurskoðun. Stjórnsýslulega hafa því ákvæði stjórnunar- og verndaráætlunar mjög sterka stöðu.

SK benti á skv. hraðri yfirferð væri ekki sambærilegt ákvæði um breytingu friðlýsinga í eldri lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 líkt og í nágildandi lögum nr. 60/2013 og því hefði staðan breyst frá fyrri friðlýsingu varðandi endurskoðunarákvæði.

Landeigendur óskuðu eftir svigrúmi til að fá lögmann sinn til að yfirfara skilmálana og skila inn athugasemendum í framhaldi af því.

#### Næstu skref

- Landeigendur fara yfir skilmála m.t.t. innhalðs og þá sérstaklega afstöðu Umhverfisstofnunar gagnvart endurskoðunarákvæði.
- DÖH undirbýr auglýsingu á drögum um friðlýsingu en bíður eftir samþykki landeigenda áður en auglýsing verður birt.
- DÖH sendir fundargerð, kynningartexta og uppfærða skilmála.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:15.